

Smitgát

Ávallt skal gæta grundvallarvarúðar gegn sýkingum við alla sjúklinga óháð sjúkdómsgreiningu
Yfirlit nokkurra lykilatriða

1. Handhreinsun með alkóhól innihaldandi efni eða handþvottur með vatni og sápu:

- Fyrir snertingu við sjúkling.
- Fyrir snertingu sem felur í sér aukna smithættu fyrir sjúkling t.d. snerting á rofinni húð og áður en hrein/dauðhreinsuð áhöld eru handleikin.
- Eftir að hafa komist í snertingu við einhvers konar líkamsvessa.
- Eftir að farið er úr hlífðarhönskum.
- Eftir snertingu við sjúkling.
- Eftir snertingu við yfirborð áhalda eða umhverfi sjúklings.

2. Hlífðarhanskar:

- Nota einnota hlífðarhanska ef snerta þarf blóð, líkamsvessa, slímhimnur eða rofna húð.
- Skipta um hanska milli verka og aðgerða á sama sjúklingi ef snerting verður við hugsanlega sýkt efni.
- Farið úr hönskunum strax að notkun lokinni, áður en ómenguð áhöld eða yfirborð er snert og áður en öðrum sjúklingi er sinnt.
- Sprittið hendur strax að notkun lokinni.

3. Andlitshlíf (til varnar augum, nefi og munn):

- Ef líklegt er að dropar frá öndunarvegi, blóð eða líkamsvessar geti úðast eða slest í andlit heilbrigðisstarfsmanns skal hann nota hlífðargrímu (skurðstofumaska) og augnhlíf.
- Við umönnun sjúklings með alvarlegaveirusýkingu í lungum þarf þéttari grímu (FFP2)

4. Hlífðarsvunta/hlífðarsloppur

- Notað til að hlífa fatnaði gegn mengun af blóði og líkamsvessum.
- Farið strax úr svuntu/sloppi að notkun lokinni og hreinsið hendur strax á eftir.

5. Fyrirbygging stunguóhappa:

Gætið ítrustu varúðar við meðferð beittra og oddhvassra áhalda.

- Setjið aldrei hlífðarhettu á notaða sprautunál.
- Setjið notaða sprautunál beint í þar til gert ílát.

6. Hreinlæti við hósta og hnerra:

Einstaklingar með einkenni frá öndunarfærum skulu gæta þess að dreifa ekki smitefni með því að:

- Byrgja nef og munn við hósta og hnerra, nota bréfpurrku sem fleygt er strax á eftir í ruslafötu og þvo eða spritta hendur á eftir.
- Handhreinsun ef snerting verður við vessa úr öndunarfærum.

Heilbrigðisstofnanir athugið:

- Sjúklingur með bráðan sóttthita og öndunarfæra-einkenni skal vera a.m.k. 2 metra frá öðrum í almennum biðstofum.
- Setjið auglýsingar sem sýna hreinlæti við hósta og hnerra með myndrænum hætti við innganga og á biðstofur.
- Stuðlið að bættri handhreinsun og hreinlæti við hósta og hnerra með því að hafa handspritt og bréfpurrkur aðgengilegar í biðstofum, ásamt leiðbeiningum um notkun.

7. Umhverfisþrif:

Vandið reglubundin þrif og sóttthreinsun á yfirborði sem oft er snert.

- Smitefni (blóð, líkamsvessar, þvag, hægðir, uppköst) sem berst í umhverfið ber að þrífa strax með pappírspurrku, þvo yfir svæðið og síðan strjúka yfir með sóttthreinsandi efni (t.d. 500-1000 ppm klórblöndu eða Virkon 1%). Notið hanska við verkið og svuntu/slopp.

8. Áhöld :

Meðhöndlið áhöld sem menguð eru blóði og hvers kyns líkamsvessum þannig að ekki snerti slímhúðir, mengun berist ekki á klæðnað, í umhverfið eða til annarra sjúklinga.

- Þvoið og sóttthreinsið margnota áhöld með viðeigandi hætti milli sjúklinga.
- Fylgist reglulega með virkni áhaldapvottavéla (vinnur vélin eins og hún á að gera, er hitastig nægilegt til sóttthreinsunar?)

9. Lín:

Meðhöndlið og flytjið lín með þeim hætti að:

- Línið snerti ekki slímhimnur eða mengaðan fatnað.
- Að örverur berist ekki með óhreinu líni til annarra sjúklinga eða í umhverfi.

10. Sorp:

Tryggið örugga meðferð sorps.

- Rusl sem er blóðugt eða mengað líkamsvessum telst sóttmengað sorp og ber að senda í brennslu.
- Líkamsvefir og sorp frá rannsóknarstofum telst einnig sóttmengað sorp.
- Notið einnota hluti með viðeigandi hætti – hendið eftir notkun.

Skjal uppfært 24.07.2020

